

Fundargerð 472

Föstudaginn 17. maí 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarasdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir (ALG) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 9), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gunnar Þór Sigbjörnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:03

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - til afgreiðslu
3. Skipan endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu
4. Lánamál - til afgreiðslu
5. Umsókn um aðild að Cosme áætlun European Investment Fund - til afgreiðslu
6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
8. Hvar eru ríkisstörfín - til kynningar
9. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019 - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 471. Formaður bar upp fundargerðina. Engar athugasemdir komu fram og var hún samþykkt og dreift til undirritunar.

2. Funda- og starfsáætlun stjórnar 2019-2020 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur drög að starfsáætlun stjórnar, starfsárið 2019-2020 sem AÐ fór yfir og kynnti.

Formaður ræddi árangursmat stjórnar og forstjóra og að hægt væri að hafa fund með ráðgjafa sem gæti aðstoðað stjórn við matið.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður lagði til að stjórnarmenn sendi forstjóra athugasemdir á áætluðum fundardagsetningum og starfsáætlunin verði aftur lögð fyrir stjórn á næsta fundi til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

3. Skipan endurskoðunarnefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra um skipun endurskoðunarnefndar 2019-2020. Þar er lagt til að eftirtaldir skipi endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar: Ragna Hjartardóttir endurskoðandi á Sauðárkróki Ólafur Viggó Sigurbergsson löggiltur endurskoðandi og Sigríður Jóhannesdóttir fulltrúi úr stjórn Byggðastofnunar.

Ragna Hjartardóttir taki við formennsku í nefndinni í stað Fjólu B. Jónsdóttur sem sinnt hefur því hlutverki um langt árabil. Voru Fjólu færðar þakkir fyrir farsælt og gott starf.

SJ taldi rétt að huga að varamanni stjórnarmanns.

Til máls tóku SJ, MBJ, HKH og KB.

Formaður bar upp tillögu forstjóra og að Halldóra K. Hauksdóttir yrði skipuð varamaður og var það samþykkt samhljóða.

4. Lánamál - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja greiningar lánasérfræðinga á lánsúmsóknum sem fjallað er um hér fyrir neðan. AME kynnti málin.

...

...

...

5. Umsókn um aðild að Cosme áætlun European Investment Fund - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs um hugsanlegt samstarf í gegnum ábyrgðakerfi European Investment Fund (EIF), svokölluð EaSI og COSME verkefni. Þátttaka í þessum verkefnum er gjaldfrjáls fyrir Byggðastofnun, en Ísland greiðir nú þegar fyrir þátttöku í gegnum aðild að EES.

AÐ og AME kynntu verkefnið.

Lagt er til að starfsmönnum verði veitt heimild til þess að leggja inn umsókn til EIF um ofangreindar ábyrgðir. Verði hún samþykkt verður gerður um það sérstakur samningur sem yrði lagður fyrir stjórn til endanlegrar samþykktar, væntanlega með haustinu.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðum.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

6. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur samantekt á stöðu verkefna og rekstrar 30. apríl 2019 sem AÐ kynnti. KB spurði út í þjónustukortið og fund sem haldinn var í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. SBS upplýsti að vinnan gengi vel og sé á áætlun.

AP upplýsti að fyrirtækið K-tak ehf. hafi ákveðið að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna höfnunar Byggðastofnunar á tilboði félagsins í byggingu Sauðármýri 2.

7. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 16/19 og 17/19 sem AME kynnti og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Formaður óskaði eftir því að fá að breyta röðun dagskrár og færa kynningu á staðsetningu ríkisstarfa á undan kynningu á áhættuskýrslu. Engar athugasemdir komu fram.

8. Hvar eru ríkisstörfin - til kynningar

ALG kom á fundinn og kynnti niðurstöðu skýrslu um staðsetningu ríkisstarfa um áramót 2017/2018.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðum.

ALG vék af fundi.

9. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019 - til kynningar

HP kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2019 sem HP og AME fóru yfir.

HP vék af fundi

10. Önnur mál

Sóknaráætlanir landshluta

MaH spurði út í reiknireglu vegna skiptingar fjár til sóknaráætlana landshluta. Svaraði KB því til að á fundi stýrihóps stjórnarráðsins hefði verið gerð lausleg grein fyrir vinnuhugmyndum sem eftir væri að útfæra frekar.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður 14. júní skv. starfsáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:17

Magnús Helgason, fundarritari
